

Leiðbeiningar – Kennarar

Einkunnareglur


Einkunnareglur tengja saman verkefni og próf sem reiknar svo út lokaeinkunn sem skilar sér í námsferil nemenda í Innu. Einkunnareglur áfanga eru gerðar í stjórnendahluta Innu.

Ath. þar sem engir skalar eru fyrir einkunnareglu hóps þá er eingöngu hægt að gefa einkunnir á skalanum 0-10.




Ef „Stofna einkunnareglu fyrir hópinn“ er valið þá er stofnuð „Lokaeinkunn“ sjálfvirk og síðan stofnar kennarinn aðrar undireinkunnir út frá henni.






Til þess að stofna undireinkunnir er smelt á „+“ á þeirri einkunn sem á að stofna undireinkunn fyrir.



Stofna þær einkunnir sem vega upp í „Lokaeinkunn“.



Ath. „Lokaeinkunn“ er rauð vegna þess að undireinkunnirnar eru ekki 100%, heldur 40%.

Nr.	Heiti	Tegund ⓘ	Vægi ✎	Fj. bestu undirprófa ⓘ	Loka vægi	Eyða öllu
1	Lokaeinkunn	Reiknuð	100 %		100%	  
1.1	Verkefni	Skráð	40 %		40%	  
















Bæti við annarri undireinkunn. Þá er vægið á undireinkunnum „Lokaeinkunn“ orðið 100%.

Nr.	Heiti	Tegund ⓘ	Vægi ✎	Fj. bestu undirprófa ⓘ	Loka vægi	Eyða öllu
1	Lokaeinkunn	Reiknuð	100 %		100%	  
1.1	Verkefni	Skráð	40 %		40%	  
1.2	Lokapróf	Skráð	60 %		60%	  

Ef ég vil að „Verkefni“ sé meðaltal tveggja verkefna þá breyti ég henni í „Reiknuð“ og bæti við tveim undireinkunnum.

Nr.	Heiti	Tegund ⓘ	Vægi ✎	Fj. bestu undirprófa ⓘ	Loka vægi	Eyða öllu
1	Lokaeinkunn	Reiknuð	100 %		100%	  
1.1	Verkefni	Skráð	40 %		40%	  
1.2	Lokapróf	Skráð	60 %		60%	  

Nr.	Heiti	Tegund ⓘ	Vægi ✎	Fj. bestu undirprófa ⓘ	Loka vægi	Eyða öllu
1	Lokaeinkunn	Reiknuð	100 %		100%	  
1.1	Verkefni	<u>Reiknuð</u>	40 %		40%	  
1.2	Lokapróf	Skráð	60 %		60%	  

Nr.	Heiti	Tegund ⓘ	Vægi ✎	Fj. bestu undirprófa ⓘ	Loka vægi	Eyða öllu
1	Lokaeinkunn	Reiknuð	100 %		100%	  
1.1	Verkefni	Reiknuð	40 %		40%	  
1.1.1	Verkefni 1	Skráð	50 %		20%	  
1.1.2	Verkefni 2	Skráð	50 %		20%	  
1.2	Lokapróf	Skráð	60 %		60%	  

Kennarar geta nú sett inn lágmarkseinkunn á einkunnareglu hópa. Eins og sést í textanum er það ekki hægt á verkefni sem hafa yfireinkunn sem er með „Fj.bestu undirprófa“

Ef fyllt inn í verða nemendur að ná viðkomandi einkunn til að ná áfanganum. Ef yfireinkunn er með fj. bestu undirprófa skráð er ekki hægt að skrá lágmarkseinkunn á viðkomandi einkunn.

Nr.	Heiti	Tegund	Vægi	Fj. bestu undirprófa	Lágmarkseinkunn	Loka vægi	Eyða öllu
1	Lokaeinkunn	Reiknuð	100 %			100%	
1.1	Lokapróf	Skráð	70 %		4.5	70%	
1.2	Heimadæmi	Reiknuð	30 %	4		30%	
1.2.1	Heimadæmi 1	Skráð	25 %			7.5%	
1.2.2	Heimadæmi 2	Skráð	25 %			7.5%	
1.2.3	Heimadæmi 3	Skráð	25 %			7.5%	
1.2.4	Heimadæmi 4	Skráð	25 %			7.5%	

Ef nemandi féll í verkefni eða prófi, sem var með skráða lágmarkseinkunn, þá verður einkunnin rauð. Þegar er smellt á Reikna einkunn verður lokaeinkunn fallið sem áður var nefnt.

Einkunnir tenæðar einkunnareglu áfanga

Ath! Bláar einkunnir eru birtar. Reiknuð einkunnir allar inniheldur allar einkunnir bæði birtar og óbirtar sem vege upp í lokaeinkunn. Reiknuð einkunn inniheldur eingöngu birtar einkunnir sem vege upp í lokaeinkunn. Rauð einkunn þýðir að viðkomandi nær ekki lágmarkseinkunn og er sú einkunn þar af leiðandi lokaeinkunn. Þetta er aðeins þegar einkunn er birt.

Nr.	Nafn	Kennitala	Lokapróf	Heimadæmi	Heimadæmi 1	Heimadæmi 2	Heimadæmi 3	Heimadæmi 4	Lokaeinkunn	Reikn. eink. allar	Reikn. eink.
1	[Redacted]	[Redacted]	-	5.75	3	10	10		-	4.525	4.525
3	[Redacted]	[Redacted]	5						3.5	3.5	3.5

Ath. Ef búið er að tengja einkunnareglu áfanga við verkefni og einkunnaregla hóps stofnuð þá verða öllum tengingum eytt og tengja þarf verkefnið upp á nýtt við einkunnareglu hóps. Þetta mun ekki eyða einkunnunum á verkefni, heldur eingöngu tengingunni við einkunnareglu áfangans.

Breyta einkunnareglu

- Lokapróf
- Verkefni 1
- Verkefni 2